



## **SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS – VIRKJUN Á HELLISHEIÐI**

### **20. BREYTING Á DEILISKIPULAGI**

### **GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA**

**29.02.2024 - TILLAGA**

**UNNIÐ FYRIR ORKU NÁTTÚRUNNAR**



## Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð samkv. 1. mgr. 41. gr. Í skipulagslögum nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann \_\_\_\_\_

---

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfus

### Inngangur

Deiliskipulag virkjunar á Hellisheiði (Hellisheiðarvirkjun) var unnið að frumkvæði Orkuveitu Reykjavíkur<sup>1</sup> og Sveitarfélagsins Ölfus á árunum 2003-2004. Deiliskipulagið var samþykkt 24. júní 2004 og öðlaðist gildi 20. júlí 2004. Gerðar hafa verið 18 breytingar á deiliskipulaginu frá því það öðlaðist gildi.

Landslag ehf. f.h. Orku náttúrunnar vinnur nú að nítjándu og tuttugustu breytingum á deiliskipulagi. Breyting á deiliskipulagi tekur til nokkurra atriða innan skipulagssvæðis Hellisheiðarvirkjunar.

Með breytingu þessari fylgja uppfærðir deiliskipulagsuppdættir dagsettir 12.02 2024. Þar sem breytingar á deiliskipulagi eru á nokkrum svæðum innan skipulagssvæðisins er ekki mögulegt að setja upp breytingaruppdætti sem sýna svæðið fyrir og eftir breytingar. Þess í stað eru í greinargerð þessari myndir af þeim hlutum deiliskipulagsuppdráttanna sem eiga við hvern lið breytingarinnar og þá bæði gildandi deiliskipulag og tillaga að breytingu.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var 24.06 2004, síðasta breyting og uppfærsla samþykkt 02.11 2023.

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.

### Breyting á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagi tekur til þriggja atriða sem eru eftirfarandi:

---


<sup>1</sup> Orka náttúrunnar (ON) er dótturfyrirtæki Orkuveitunnar og frá ársbyrjun 2014 hefur ON átt og rekið Hellisheiðarvirkjun.

## 1. Hliðrun á hluta borsvæðis ofan Hellisskarðs sem er þegar skilgreint í deiliskipulagi


Fyrirhuguð vinnsluhola á borteig X á borsvæði við skiljustöð 2 ofan Hellisskarðs rúmast ekki innan núverandi afmörkunar skv. gildandi deiliskipulagi vegna landslags og lagna sem þar eru.

Svæðið er nægilega stórt í heildina fyrir eina holu í viðbót og er gert ráð fyrir að afmörkun þess verði því hliðrað af svæði sem nýtist illa undir borteig vegna landslags og lagna yfir á svæði sem hentar betur undir gerð borteigs. Stærð borsvæðisins er því óbreytt en afmörkun þess breytt.

Unnin var matsskyldufyrirspurn sem fjallaði um hliðrun á X teig árið 2020 og er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Mynd 1. Gildandi deiliskipulag, hluti uppdráttar sem nær yfir borsvæði við skiljuvatnsstöð 2.




Mynd 2. Breytt deiliskipulag, hluti uppdráttar sem nær yfir borsvæði við skiljuvatnsstöð 2..




### 3. Ný dælustöð ásamt breyting á legu skiljuvatnslagnar meðfram Suðurlandsvegi

Skilgreind er lóð og byggingarreitur fyrir nýja dælustöð norðan Suðurlandsvegur sunnan við Litla-Reykjafell en innan byggingarreits er heimilt að byggja dælustöð á einni hæð með grunnfleti að hámarki 100 m<sup>2</sup>.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir niðurgrafinni skiljuvatnslögn skilgreind meðfram Suðurlandsvegi sunnanverðum en sú breyting er gerð að lögnin verður norðan Suðurlandsvegur meðfram gamla þjóðveginum um Hveradalabrekku.



Mynd 5. Gildandi deiliskipulag, hluti uppdráttar sem nær yfir svæði meðfram Suðurlandsvegi við Hveradali.



Mynd 6. Breytt deiliskipulag, hluti uppdráttar sem nær yfir svæði meðfram Suðurlandsvegi við Hveradali.

## Umhverfisskýrsla

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í breytingu á deiliskipulagi eru ekki tilkynningarskyldar og fellur breytingin ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Aftur á móti er talið að niðurgrafin skiljuvatnslögn flokkist sem breyting á framkvæmd sem fellur undir lög, sbr. töluliði 13.02 og 3.02 í 1. viðauka laganna. Matsskyldufyrirspurn vegna lagningarinnar er í undirbúningi.

Talið er að umhverfisáhrif breytingarinnar séu óveruleg þar sem aðeins er verið að hliðra hluta borsvæðis, breyta legu lagnar sem ekki er komin og gera ráð fyrir lítilli dælustöð.

Áhrif þessara breytinga eru ekki talin veruleg í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.